# Samþykkt um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar með athugasemdum Bjarna Benediktssonar, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Samþykkt um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar með athugasemdum Bjarna Benediktssonar, ódagsett

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# S A M Þ Y K T

um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.

## I. kafli: Launakerfið

### I. gr.

Allir fastir starfsmenn bæjarins, hvort sem þeir eru skipaðir af bæjarstjórn eða á annan hátt, skulu fá skipunarbréf hjá borgarstjóra. Fastir starfsmenn teljast þeir starfsmenn, sem gegna störfum tilgreindum í 5. gr., eða störfum, er síðar kunna að verða feld þar undir.

### 2. gr.

Föstum starfsmönnum bæjarins er skipað í 15 launaflokka á þann hátt, sem 4. gr. ákveður. Borgarstjóri skal vera utan launaflokka, og ákveðast laun hans af bæjarstjórn. Starfsmenn í 1. launaflokki skulu fyrst um sinn ráðnir með sérsamningi.

### 3. gr.

Laun fastra starfsmanna miðast við útborgunareiningu þeirra (mánaðarlaun). Launin greiðast fyrirfram mánaðarlega með 1/12 árslaunanna. Á meðan starfsmenn eru settir í stöðu fá þeir greidda 3/4 af byrjunarlaunum í þeim launaflokki, er þeir heyra undir. Nú flyst starfsmaður úr stöðu í lægra launaflokki í stöðu í hærra launaflokki, og skal hann þá taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, er hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

### 4. gr.

Starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu bæjarins, taka laun í sínum launaflokki, eftir starfsaldri, [nema þeir sem sérstaklega er tekið fram um að halda eigi óbreyttum launum sambr. 5. gr.] Verkamenn, sem gerðir eru að föstum starfsmönnum, hafa 310 kr. mánaðarlaun án tillits til starfsaldurs, og haldist þau laun

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óbreytt. Munurinn á byrjunarlaunum og hámarkslaunum í hverjum launaflokki skal annars vera 20% af byrjunarlaunum. Launin fara hækkandi árlega fyrstu 6 starfsárin, og ákveðast mánaðarlaun þannig:

| Launaflokkur | 1. ár | 2 ár. | 3 ár | 4 ár | 5 ár | 6 ár | 7 ár og úr því |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| II | 600 | 620 | 640 | 660 | 680 | 700 | 720 |
| III | 525 | 540 | 555 | 570 | 590 | 610 | 630 |
| IV. | 475 | 490 | 505 | 520 | 535 | 550 | 570 |
| V. | 425 | 435 | 450 | 465 | 480 | 495 | 510 |
| VI. | 375 | 385 | 395 | 405 | 420 | 435 | 450 |
| VII. | 350 | 360 | 370 | 380 | 390 | 405 | 420 |
| VIII. | 325 | 335 | 345 | 355 | 365 | 375 | 390 |
| IX. | 300 | 310 | 320 | 330 | 340 | 350 | 360 |
| X. | 275 | 280 | 290 | 300 | 310 | 320 | 330 |
| XI. | 250 | 255 | 260 | 270 | 280 | 290 | 300 |
| XII. | 225 | 230 | 235 | 240 | 250 | 260 | 270 |
| XIII. | 200 | 205 | 210 | 215 | 220 | 230 | 240 |
| XIV. | 175 | 180 | 185 | 190 | 195 | 200 | 210 |
| XV. | 150 | 155 | 160 | 165 | 170 | 175 | 180 |

5. gr.

Skipun starfs og starfsgreina í launaflokka sé þessi:

6. gr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## II. kafli: Uppbætur á launum og ívilnanir.

### 6. gr.

Launin miðast alstaðar við full laun. Engar ívilnanir eða launauppbætur framyfir launagreiðslurnar samkvæmt launakerfinu skulu eiga sér stað, aðrar en þær, sem getur um í næstu gr. Húsnæði þeirra starfsmanna, sem hafa húsnæði hjá bænum í sambandi við störf sín, skal dregið frá eftir mati til skatts. Ljós og hita skulu þessir starfsmenn greiða sjálfir, þar sem hægt er að halda þeim útgjaldaliðum út af fyrir sig. Sé það ekki hægt dragast þeir frá laununum á sama hátt og húsnæðið, þ.e. eftir mati til skatts.

nema með samþykki bæjarráðs eða hafnarstjórnar.

### 7. gr.

Þeir menn, sem bærinn leggur til fatnað (einkenningsbúning o.þ.h.) í sambandi við störf þeirra, skulu fá hann fríann, eftir nánari settum reglum, enda er yfirmönnum þeim, er í hlut eiga skylt að gæta þess, að þær reglur séu ekki brotnar né þeim misbeitt. Bæjargjaldkeri skal árlega fá kr. 1000 í mistalningsfé, en gjaldkerar Rafmagnsveitu og Hafnar kr. 600.- hvor, Bæjarráð setur reglur um bifreiðahald starfsmanna bæjarins, sem kostað er af bænum.

Lögregla, hafnsögumenn, Slökkviliðsmenn, Heilbrigðisfulltrúi, vatnsmenn

### 8. gr.

Bæjarráð setur reglur um starfstíma í hverri starfsgrein. Enginn fastur starfsmaður bæjarins hefir rétt til aukagreiðslu fyrir eftirvinnu, helgidagavinnu né næturvinnu. Í þeim starfsgreinum, þar sem slík vinna er óhjákvæmileg greiðist hún ekki aukalega, né neinar uppbætur fyrir hana, enda fái þeir starfsmenn frí á öðrum tímum, sem því svarar, og eftir þeim reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## S A M Þ Y K T

um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.

### I. kafli: Launakerfið

#### 1. gr.

Allir fastir starfsmenn bæjarins, hvort sem þeir eru skipaðir af bæjarstjóra eða á annan hátt, skulu fá skipunarbréf hjá borgarstjórn. Fastir starfsmenn teljast þeir starfsmenn, sem gegna störfum tilgreindum í 5. gr., eða störfum, er síðar kunna að verða feld þar undir, og skipaðir eru í stöðurnar.

#### 2. gr.

Föstum starfsmönnum bæjarins er skipað í 15 launaflokka á þann hátt, sem 5. gr. ákveður. Borgarstjóri skal vera utan launaflokka, og ákveðast laun hans af bæjarstjórn. Starfsmenn í 1. launaflokki skulu fyrst um sinn ráðnir með sérsamningi.

#### 3. gr.

Laun fastra starfsmanna miðast við útborgunareiningu þeirra (mánaðarlaun). Launin greiðast fyrirfram mánaðarlega með 1/12 árslaunanna. Á meðan starfsmenn eru settir í stöðu fá þeir greidda 3/4 af byrjunarlaunum í þeim launaflokki, er þeir heyra undir. Nú flyst starfsmaður úr stöðu í lægra launaflokki í stöðu í hærra launaflokki, og skal hann þá taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, er hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

#### 4. gr.

Starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu bæjarins, taka laun í sínum launaflokki, eftir starfsaldri. Verkamenn, sem gerðir eru að föstum starfsmönnum, hafa 310 kr. mánaðarlaun án tillits til starfsaldurs, og haldist þau laun óbreytt. Munurinn á byrjunarlaunum og hámarkslaunum í hverjum launaflokki skal annars vera 20% af byrjunarlaunum. Launin fara hækkandi árlega fyrstu 6 starfsárin, og ákveð-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ast mánaðarlaun þannig:

| Launaflokkur | 1 ár | 2 ár | 3 ár | 4 ár | 5 ár | 6 ár | 7 ár og úr því |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| II | 600 | 620 | 640 | 660 | 680 | 700 | 720 |
| III. | 525 | 540 | 555 | 570 | 590 | 610 | 630 |
| IV. | 475 | 490 | 505 | 520 | 535 | 550 | 570 |
| V. | 425 | 435 | 450 | 465 | 480 | 495 | 510 |
| VI. | 375 | 385 | 395 | 405 | 420 | 435 | 450 |
| VII. | 350 | 360 | 370 | 380 | 390 | 405 | 420 |
| VIII. | 325 | 335 | 345 | 355 | 365 | 375 | 390 |
| IX. | 300 | 310 | 320 | 330 | 340 | 350 | 360 |
| X. | 275 | 280 | 290 | 300 | 310 | 320 | 330 |
| XI. | 250 | 255 | 260 | 270 | 280 | 290 | 300 |
| XII. | 225 | 230 | 235 | 240 | 250 | 260 | 270 |
| XIII. | 200 | 205 | 210 | 215 | 220 | 230 | 240 |
| XIV. | 175 | 180 | 185 | 190 | 195 | 200 | 210 |
| XV. | 150 | 155 | 160 | 165 | 170 | 175 | 180 |

5. gr.

Skipun starfa og starfsgreina í launaflokki sé þessi:

I. fl.

Rafmagnsstjóri

Hafnarstjóri

Bæjarverkfræðingur

Borgarritari

II. fl.

Deildarverkfræðingar

Gasstöðvarstjóri

III. fl.

Skrifstofustjórar

Aðalbókari á bæjarskrifstofunni

Bæjargjaldkeri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. fl. frh.

Byggingarfulltrúi

Húsameistari

Lóðaskrárritari

IV. fl.

Aðstoðarverkfræðingar

Heilbrigðisfulltrúi

Slökkviliðsstjóri

Yfirlögregluþjónn

Sundhallarforstjóri

Yfirframfærslufulltrúi

Aðalbókarar Rafmagnsveitu og Hafnar

Gjaldkerar " " "

Stöðvarstjóri Rafmagnsveitu

Umsjónarmaður við Rafmagnsveitu

Yfirhafnsögumaður

V. fl.

Forstöðumenn Bæjarbókasafns og Ráðningarskrifstofu

Aðstoðarmenn á skrifstofum

Varaslökkviliðsstjóri

Bormeistari hjá bæjarverkfræðing

Framfærslufulltrúar

Verkstjórar við innlagn. deild og taugak. hjá Rafv.

Mælaprófari hjá Rafmagnsveitu

1. Vélstjóri

Hafnsögumenn

Verkstjóri í járnsmiðju Hafnar.

Vélamenn á hafnsögubátum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. fl.

Umsjónarmaður við innh. á bæjarskrifstofunni.

Mælingarmaður hjá bæjarverkfræðing.

Húsasmíðameistari.

Verkstjórar

Vaktstjórar lögreglu

Sundkennarar

Yfirkyndari

Ritari verkfræðideildar hjá Rafveitu

Teiknari " " " "

Vélstjórar

Verkstjóri v/ trésmíði Hafnar.

VII.

Bókarar

Járnsmiðir

Eftirlitsmaður við vatnsveitu

Vélaviðgerðarmenn ~~hjá bæjarverkfræðing~~

Slökkviliðsmenn

Lögregluþjónar

Húsverðir við Sundhöll og barnaskóla

Baðhúsvörður

Mælaviðgerðarmaður.

VIII.

Skrifarar I. fl.

Innheimtumenn I. fl.

Umsjónarmaður með salernahreinsun

Sótarar

Eldfæraeftirlitsmaður

Kyndarar

Umsjónar- og afgreiðslumenn koks.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. fl. frh.

Innlagningarmenn.
Mælaálesarar
Útvarptruflunarmaður
Rafvirkjar 1. fl.
Viðgerðarmaður Spennistöðvar
Línumenn
Birgðaverðir
Umsjónarmenn við Sundhöll og hafnarhús.
Vatnssölumenn við Höfn
Kafari hjá Höfn.

IX. fl.

Sendimenn á bæjarskrifstofu og hjá framfærslufulltr.
Innheimtumenn II. fl.
Skrifarar II. fl.
Bifreiðastjórar
Umsjónarmaður við Sundlaugar
Þvottalaugavörður
Aðstoðar afgreiðslumaður hjá Gasstöð
Aðstoðar innlagningamaður " "
Aðstoðarrafvirkjar.

X. fl.

Fastir verkamenn
Laugarverðir við Sundhöll og sundlaugar.

XI. Kvenskrifarar I. fl. og Skrárritari við Bæjarbókas.
Baðverðir við Sundhöll
Klefaverðir við Sundhöll og sundlaugar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. fl.

Kvenskrifarar II. fl.

XIII.

Símavarsla

Þvottastúlka við Sundhöll

XIV. fl.

~~[Sendimaður við ráðningaskrifstofu]~~

Ljósmóður

Byrjendur á skrifstofu

XV.

Starfsstúlkur við Sundhöll

~~[illegible]~~

II. kafli: Uppbætur á launum og ívilnanir.

6. gr.

Launin miðast alstaðar við full laun. Engar ívilnanir eða launauppbætur framyfir launagreiðslurnar samkvæmt launakerfinu skulu eiga sér stað, aðrar en þær, sem getur um í næstu gr., nema með sérstöku samþykki bæjarráðs og hafnarstjórnar. Húsnæði þeirra starfsmanna, sem hafa húsnæði hjá bænum í sambandi við störf sín, skal dregið frá eftir mati til skatts. Ljós og hita skulu þessir starfsmenn greiða sjálfir, þar sem hægt er að halda þeim útgjaldaliðum út af fyrir sig. Sé það ekki hægt dragast þeir frá laununum á sama hátt og húsnæðið, þ.e. eftir mati til skatts.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.

Þeir menn, sem bærinn leggur til fatnað, (einkenningsbúning o. þ.h.) í sambandi við störf þeirra, skulu fá hann fríann, eftir nánari settum reglum, enda er yfirmönnum þeim, er í hlut eiga skylt að gæta þess, að þær reglur séu ekki brotnar né þeim misbeitt. Fullan einkenningsbúning og jafnan rétt til hafa: Lögreglumenn, Slökkviliðsmenn, Hafnsögumenn, vélamenn á hafnsögubát Vatnsmenn við höfn og heilbrigðisfulltrúi. Bæjargjaldkeri og gjaldkerar Rafmagnsveitu og Hafnar skulu árlega fá 1000.- í mistalningsfé hver. Bæjarráð setur reglur um bifreiðahald starfsmanna bæjarins, sem kostað er af honum.

8. gr.

Bæjarráð eða eftir atvikum hafnarstjórn setur reglur um starfstíma í hverri starfsgrein og skal hann miðast við 6 daga vinnuviku. Enginn fastur starfsmaður bæjarins hefir rétt til aukagreiðslu fyrir eftirvinnu, helgidagavinnu né næturvinnu. Í þeim starfsgreinum, þar sem slík vinna er óhjákvæmileg greiðist hún ekki aukalega, né neinar uppbætur fyrir hana, enda fái þeir starfsmenn frí á öðrum tímum, sem því svarar, og eftir þeim reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða.

[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur